

Miðvikudaginn 17. mars 1926.

Nr. 57/1925. **Ólafur Thors f. h. h/f. Kveldúlfur og Ásgeir Þorsteinsson f. h. Samtryggingar íslenskra botnvörpunga** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

eigendum og vátryggjendum g/s. „Inger Benedicte“ o. fl. og gagnsök (Sveinn Björnsson).

Árekstrarmál.

Dómur sjóðóms Reykjavíkur 11. júlí 1925: Stefnendur, Ólafur Thors f. h. h/f. „Kveldúlfur“ greiði stefnandanum, Sveini Björnssyni f. h. eigenda og vátryggjenda eimskipsins „Inger Benedicte“ frá Bergen og farms þess norskar kr. 388212,70, ísl. kr. 126664,83 £ 175-4-10 þó ekki yfir ísl. kr. 425000,00 alls, með 6% ársvöxtum af upphæðunum frá 29. desember f. á. til greiðsludags og kr. 2000,00 ísl. upp í málskostnað og á stefnandi sjóveðrjett í b/v. „Skallagrími“ fyrir upphæðunum og má láta gera fjárnám í skipinu eða tryggingu þeirri er sett var 4. febrúar þ. á. til þess að varna því, að löghald yrði lagt á skipið, og selja á opinberu uppbóði til greiðslu þeirra.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu útaf ásiglingu b/v. Skallagríms 29. des. 1924 á flutningaskipið Inger Benedicte, sem áfrýjað er af hendi beggja aðilja, hafa aðaláfrýjendurnir, h. f. Kveldúlfur og Samtrygging íslenskra botnvörpunga, aðallega krafist sýknunar og málskostnaðar fyrir báðum rjettum eftir mati hæstarjettar. En til vara krefst Kveldúlfur þess, að hann verði aðeins dæmdur til að bæta gagnáfrýjendunum, eigendum og vátryggjendum Inger Benedicte

og farms hennar og skipshöfn, tiltekinn hluta ásiglingartjónsins og verði málskostnaður fyrir sjóðómi þá feldur niður. Krefst hann þess, að skaðabæturnar fari eftir mati rjettarins, þó þannig að bæturnar fyrir Inger Benedicte sjálfa fari ekki fram úr 150000 norskum krónum, og að skaðabæturnar allar verði ekki ákveðnar hærri en 425000 isl. krónur, er Skallagrimur var metinn á og bankatrygging sett fyrir. Loks krefjast áfrýjendurnir málskostnaðar fyrir hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Hinsvegar krefjast gagnáfrýjendurnir þess, að sjóðómurinn verði staðfestur, þó með þeim breytingum, að viðurkendur verði sjóveðrjettur þeim til handa einnig í veiðarfærum og afla Skallagríms og tryggingarupphæðum þeirra verðmæta, að Kveldúlfur verði dæmdur til að greiða h/f. Trolle & Rothe 930 sterlingspund með 6% ársvöxtum frá 29. des. 1924, er láðst hafi að taka rjettilega til greina í sjóðóminum, að þeim verði tildæmdur 9998 kr. málskostnaður fyrir sjóðómi, svo og málskostnaður í aðalsök og gagnsök fyrir hæstarjetti, eftir mati rjettarins.

Báðir aðiljar hafa lagt fram nokkur ný skjöl máli sínu til stuðnings m. a. notarialstaðfestar álitsgerðir um verð Inger Benedicte.

Um aðalágreiningsefnið, sýknukröfur aðaláfrýjendanna, má yfirleitt vísa til raka sjóðómsins. Þó má geta þess um Inger Benedicte, að ekki varð búist við því að varðmaðurinn á henni, sem stóð á þilfarinu, sæi fyr til ferða Skallagríms, en Skallgrímsmenn á stjórnþalli og hvalbak sáu ljósinn á Inger Benedicte. Ekki verður heldur búist við því, að skipshöfnin á Inger Benedicte hefðist handa, eins og ástóð, til þess að reyna að draga úr afleiðingum ásiglingarinnar, enda gekk skipstjórinn á Skallagrími

eftir því að hún kæmi sem fyrst yfir í Skallagrím, ef hún vildi komast með honum í land. Skallagrími bar og ekki siður skylda til þess að reyna að draga úr tjóninu sbr. 228. gr. siglingalaganna, en gerði ekkert í því efni. Þá má og geta þess um Skallagrím, að, auk þess að enginn yfirmanna hans var á stjórnþalli, verður ekki sjeð að sjerstakur út-vörður hafi verið fram á skipinu, áður en 1. stýrimaður fór, skömmu fyrir ásiglinguna, upp á hvalbakinn með nokkrum hásetum í öðrum erindum. Og eftir skemdum þeim, sem urðu á Inger Benedicte þykir mega ráða það, að Skallagrímur hafi farið hraðar en góðu hófi gegndi, eins og ástóð, enda komust 2 skip, er komu úr hafi daginn áður, að öllum aðstæðum likum, slysalaust fram hjá Inger Benedicte, annað að vestanverðu og hitt að austanverðu. Sjódomurinn hefir því rjettilega lagt alla ábyrgð af ásiglingunni á útgerð Skallagríms samkv. 13. gr. siglingalaganna.

Um sannvirði Inger Benedicte þykir mega ráða það meðal annars af upplýsingum, sem fengist hafa eftir uppsögn sjódomsins, að það hafi verið þá er hún sökk, allmiklu lægra en vátryggingarupphæðin. Skipið var keypt til Noregs frá Englandi árið 1915 fyrir 200000 norskar krónur og eftir eiðfestri skýrslu úr Englandi fjekst ekki 8300 sterlingspunda boð í það þar í sept. 1924. Með hliðsjón sjerstaklega af þessum tölum og aldri skipsins, sem var járnskip rúmlega 40 ára gamalt, þykir Inger Benedicte hæfilega metin 200000 norskar krónur, þá er hún sökk.

Um alla aðra kröfuliði gagnáfrýjendanna fyrir hæstarjetti, að sleptri málskostnaðarkröfunni fyrir báðum rjettum og um sjóveð í afla og veiðarfærum

Skallagríms, sem síðar getur, hefir áfrýjendunum komið saman, færi svo að Skallagrími yrði á annað borð gerð ábyrgð fyrir ásiglinguna.

Verður aðaláfrýjandinn, framkvæmdarstjóri Ólafur Thors f. h. h/f. Kveldúlfs, eftir þessu að greiða hæstarjettarmálflutningsmanni Sveini Björnssyni f. h. gagnáfrýjendanna: eftir 1. lið 200000 norskar krónur + 38212 kr. 70 a. eða samanlagt 238212 norskar krónur og 70 aura, eftir 2. lið 125100 íslenskar krónur + 1564 krónur 83 aura eftir 4. lið eða samanlagt 126664 íslenskar krónur og 83 aura og eftir 3. lið 930 sterlingspund + 82-4-10 eftir 5. lið, eða samanlagt 1012 sterlingspund, 4 sh. og 10 p., allar upphæðirnar með 6 % ársvöxtum frá 29. des. 1924, þó ekki yfir 425000 ísl. krónur alls.

Gagnáfrýjendurnir hafa sjóveðrjett í b/v. Skallagrími fyrir öllum upphæðunum og mega gera fjárnám í honum og selja á opinberu uppboði svo og taka borgun í bankatryggingu þeirri, er Samtrygging Íslenskra botnvörpunga setti þeim. Hinsvegar verður gagnáfrýjendunum, af ástæðum þeim, sem greinir í sjódóminum, ekki heimilaður sjóveðrjettur í veiðarfærum Skallagríms og afla.

Eftir þessum úrslitum verður Ólafur Thors f. h. Kveldúlfs og að greiða Sveini Björnssyni f. h. gagnáfrýjendanna málskostnað fyrir sjódómi og hæstarjetti og þykir mega ákveða hann í einu lagi 6000 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn Ólafur Thors f. h. h/f. Kveldúlfs greiði Sveini Björnssyni fyrir hönd gagnáfrýjendanna 238212 kr. 70 a. í norskum krónum, 126664 kr. 83 a. í íslenskum krónum og 1012

sterlingspund 4 shillings og 10 pence, allar upphæðirnar með 6 % ársvöxtum frá 29. des. 1924 til greiðsludags, þó ekki yfir 425000 ísl. kr. alls.

Gagnáfrýjendurnir hafa sjóveðrjett í Skallagrími fyrir öllum upphæðunum og mega gera fjárnám í honum og selja hann á opinberu uppboði svo og taka borgun í bankatryggingu Samtryggingarinnar.

Loks greiði nefndur áfrýjandi nefndum umboðsmanni gagnáfrýjendanna 6000 kr. málskostnað fyrir sjóðómi og hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Fimmtudaginn 25. desember f. á. kom eimskipið „Inger Benedicte“ frá Bergen, 1946 smálestir að stærð brutto, en 1207 netto hlaðið ca. 2307 smálestum af kolum, 300 tómum tunnum, 41 kassa með ávöxtum og ca. 20 smálestum af ýmsum varningi (Stykkgods) hingað frá Grimsby og lagðist á ytri höfnina útaf Örfirisey kl. 2¹/₂ um daginn, að því er skipstjóri ómótmælt hefir haldið fram, milli tveggja annara eimskipa — þó nær því skipi er grynnra lá, fyrir stjórnbordsakkeri og 45 faðma keðju. Síðar var bakbord sakkeri og sett út og 45 faðma keðja á því og bakbordskedjan gefin út, svo úti voru 90 faðmar. Beið skipið þess að það kæmist inn á innri höfnina til þess að afferma og var búist við að það gæti orðið mánudagamorguninn 29. desember, en á sunnudagskvöldið 28. kl. 7 kom hafnsögumaður út í „Inger Benedicte“ með þau skilaboð, að sökum storma, sem gengið hefðu, gæti ekki af því orðið. Ekki fann hafnsögumaðurinn neitt að stað þeim, er skipið lá, en þar hafði það lagst án þess að hafnsögumaður hefði komið út í það og vísað því á legustað, því skipstjórinn hafði komið hingað þrisvar áður. Sunnudagskvöldið 28. desember voru leguljós sett út á „Inger Benedicte“ og er tekið

fram í dagbókinni að þau hafi logað skært. Vökumaður var og uppi á verði á skipinu um nóttina.

Þessa nótt kom b/v. „Skallagrímur“ hjeðan úr bænum, skipstjóri þá Guðmundur Sigurjónsson, af veiðum. Um 3-leytið um nóttina fór hann fram hjá Garðskaga, og fór þá skipstjórinn, sem tjáist hafa verið búinn að vaka um 30 stundir, niður að sofa, en 2. stýrimaður var á verði. Kl. 5¹/₂ mánudagsmorguninn 29. desember var botnvörpungurinn útaf Gróttuvita. Var veður gott, hæg austanátt og ekki óvenjulega dimt. Setti 2. stýrimaður þá einn af hásetunum, sem meira stýrimannsprófi hafði lokið við sjómanna-skólann hjer í hænum árið 1920 og fengið skirteini sem stýrimaður á fiskiskipum, vökumann, sagði honum að taka við stjórninni af sjer, hverja stefnu halda skyldi, og jafnframt að hann skyldi láta vekja skipstjóra áður en inn væri komið. Fór 2. stýrimaður þá að því er sjeð verður, niður að sofa og sváfu þeir þá allir þrír, skipstjórinn og báðir stýrimennirnir, en skipið komið inn á móts við Gróttu. Þegar „Skallagrímur“ var að sigla inn eftir hvíta ljósinu frá Engeyjarvitunum, sendi vökumaðurinn einn af hásetunum niður til þess að vekja skipstjóránn. Sá kom upp aftur og kvaðst ekki vita hvort sjer hefði tekist að vekja skipstjóránn og var ekki gjörð frekari gangskör að því. Um sömu mundir virðist 1. stýrimaður hafa verið vakinn, því hann kom upp er botnvörpungurinn var kominn inn fyrir Engey og var í græna ljósi Engeyjarvitans en hvíta ljósi innsiglingarvitans hjer. Kveðst hann ekki hafa vitað betur, en að skipstjóri væri á stjórnþalli og að hann sjálfur ætti að fara á sinn venjulega stað við innsiglingu og gæta sinna venjulegu starfa, og fór því fram á hvalbakinn. Rjett eftir að stýrimaðurinn var kominn upp á hvalbakinn sá hann hvítt ljós framundan, er hann vissi að var leguljós skips, en sá ekki nema eitt ljós, því hann segir að hitt ljósið á „Inger Benedicte“ hafi borið í ljósin í landi. Gekk hann út frá að „Skallagrímur“ væri vel frí af því skipi sem ljósið var á, mundi komast fyrir aftan það með stefnu þeirri, sem haldin var. 1—2 mínútum síðar sá hann aftara ljósið á „Inger Benedicte“ sem þá skar sig úr ljósunum í landi. Sá hann þá þegar að það var ljós á sama skipinu og ljósið sem hann hafði áður sjeð og að það skip var miklu lengra en hann hafði búist við og áleit að ógjörlegt væri að komast fram hjá því. Kallaði hann þá þegar upp, að skip væri framundan og að setja ætti fulla ferð aftur á bak í vjelinni og var þeirri skipun þegar hlýtt, en engu að síður

rendi „Skallagrimur“ á „Inger Benedicte“. Kvaðst hann hafa veitt því eftirtekt að „Skallagrimur“ var farinn að beygja til stjórnbörða áður en áreksturinn varð.

Vökumaðurinn, sem hafði stjórn „Skallagríms“ á hendi, hefir skýrt svo frá, að fremra ljósið á „Inger Benedicte“ muni hafa borið í ljósin á landi og þeir á stjórnþalli ekki hafa greint það fyrri en ofseint. Aftara ljósið sáu þeir ekki fyrri en rjett um leið og áreksturinn varð. Hann kveðst óðara er hann sá fremra ljósið hafa snúið stýrinu hart til stjórnbörða og er hann sá að ekki var hægt að komast fri af skipinu fyrir aftan það með því, hafi hann gefið fyrirskipun til vjelarinnar um að hafa aftur á fullum krafti og verið búinn að því áður en 1. stýrimaður kallaði upp að skip væri fyrir stafni. Hann kveðst strax og áreksturinn varð hafa hlaupið niður til skipstjóra og vakið hann því hann hafi ekki vaknað við áreksturinn. Hann kvað þá á brúnni hafa aðeins getað merkt áreksturinn og „Skallagrimur“ hafi verið í þann veginn að hætta að síga áfram, er hann varð. 1. stýrimaður á sama skipi hefir og skýrt svo frá að áreksturinn hafi ekki verið meiri en svo að hann og menn þeir, er stóðu frammi á skipinu hjá honum, duttu ekki og fanst áreksturinn hægur og í sömu átt gengur framburður annara af „Skallagrími“ er yfirheyrðir hafa verið.

Skipstjórinn á „Inger Benedicte“ og skipshöfnin á því skipi hafa hinsvegar haldið því fram, að áreksturinn hafi verið mjög harður, svo að skipstjórinn og aðrir, er sváfu, hafi hrokkið upp með andfælum þegar í stað.

Um ferðina á „Skallagrími“ á undan árekstrinum stendur í vjelardagbók skipsins, að það hafi farið með fullri ferð áfram þar til kl. 6,22 á mánudagsmorguninn, síðan með hægri ferð áfram til kl. 6,30 og svo með fullri ferð aftur á bak og að vjelin hafi verið búin að vinna aftur á bak í $\frac{1}{4}$ — $\frac{3}{4}$ mínútu þegar áreksturinn varð.

„Skallagrimur“ lenti á bakborðshlið „Inger Benedicte“ fyrir aftan 4. lestarop og gekk inn í skipið. Kom mikið gat á skipið og sjórinn fossaði inn og skipið fór að sökka. Skipshöfnin fór í bátana yfir í „Skallagrim“, er beið skamt frá og hafði gjört ráðstafanir til að setja út báta ef með þyrfti. Þegar síðari báturinn, 15—20 mínútum eftir að áreksturinn varð, yfirgaf „Inger Benedicte“, var sjórinn farinn að fljóta yfir þilfarið. Þegar „Skallagrimur“ var búinn að taka skipshöfnina af hinu skipinu,

hjelt hann til lands, ca. $\frac{1}{2}$ stundu eftir að áreksturinn varð, bæði af því, að álitíð var að hann gæti engu bjargað úr hinu skipinu og svo til þess að ná sem fyrst til björgunarskipisins Geir sem búið var við að lægi hjer á höfninni, en var vestur á Dýrafirði. Þegar „Skallagrímur“ yfirgaf „Inger Benedicte“ loguðu leguljós þess skips enn þá og ljós í bakborðskýrauga á því var rjett við sjávarflötinn. Þegar er skipstjórinn á „Inger Benedicte“ kom í land fjekk hann sjer vjelarbát og fór á honum á vettvang, en er þangað kom, hjer um bil hálfri stundu síðar, var „Inger Benedicte“ sokkin.

Eftir skýrslu kafara, sem skoðaði „Inger Benedikte“ þar sem hún lá á mararbotni, liggur skipið á stjórnborðshliðinni og er glufa sú, sem á það kom við áreksturinn 18 fet frá lunningunni niður eftir skipinu $2\frac{1}{2}$ fet á breidd og gengur 2 fet inn þilfarið. Skipið snýr í suðaustur með framstefnið og í vesturrönd hvíta ljóssins frá innsiglingarvitanum eftir staðarákvörðun forstöðumanns stýrimannaskólans, en skipstjórinn á „Inger Benedicte“ hefir skýrt svo frá, að skipið hafi legið þannig, að sjest hafi bæði hvíta og græna ljósið frá innsiglingarvitanum, eftir því hveraig skipið sveigði fyrir vindinum.

Botnvörpungurinn „Skallagrímur“ hefir af dómkvöddum mönn-um verið metinn á kr. 425000,00. Veidarfæri þau, sem á honum voru þegar áreksturinn varð kr. 16500,00, kol kr. 1625, salt kr. 4050,00 og afli kr. 19500,00.

Hinn 4. febrúar þ. á. krafðist hrjm. Sveinn Björnsson hjer í bænum f. h. eigenda og vátryggjenda „Inger Benedicte“ og farms, að löghald verði lagt á b/v. „Skallagrím“ til tryggingar kröfum þeirra útaf árekstrinum, með vöxtum frá árekstrardegi og öllum málskostnaði. Við löghaldsgjörðina var mætt af hálfu eigenda b/v. „Skallagríms“ h/f. „Kveldúlfs“ og Samtryggingar ísl. botnvörpunga hjer í bænum, sem b/v. „Skallagrímur“ er vátrygður hjá. Var framgangi lögtaksgjörðarinnar mótmælt í einu af hálfu beggja og er þeim mótmælum var brundið með úrskurði fógeta-rjettarins, uppkveðnum samstundis, afhentu umboðsmenn eiganda Samtryggingarinnar ábyrgðarskjal frá Íslandsbanka vegna Samtryggingarinnar til gjörðarbeiðanda, á greiðslu upphæðar þeirrar, er eigendur kynnu að verða dæmdir til að greiða með fullnaðar-dómi í máli útaf árekstri skipanna 29. desember f. á. þó aðeins til þeirrar upphæðar er „Skallagrímur“ yrði metinn af dómkvödd-

um mönnum. Fjell gjörðarbeiðandi þá frá því að lögtaksgjörðin færi fram og fjell hún niður.

Með stefnu útgefni 18. febrúar þ. á. höfðaði svo hrijm. Sveinn Björnsson f. h. hinna sömu mál þetta fyrir sjóðóminum gegn Ólafi Thors framkvæmdarstjóra f. h. eigenda b/v. „Skallagríms“ h/f. „Kveldúlfs“ og Gunnari framkvæmdarstjóra Egilson f. h. Samtryggingar ísl. botnvörpunga í Reykjavík, sem vátryggjanda „Skallagríms“ og hefir í málinu gjört þær kröfur að stefndir f. h. hinna greindu fjelaga verði annaðhvort báðir in solidum eða annar dæmdir til að greiða sjer f. h. umbjóðenda sinna:

1. Eigenda eða vátryggenda „Inger Benedicte“ andvirði skipsins norskar kr. 435000,00, og eigendunum auk þess andvirði tómrar tunna, bunkerkola, skipsforða m. m. samkvæmt reikningi, samtals n. kr. 395309,70.
2. Vátryggjenda kola í skipinu og epla, andvirði þeirra ísl. kr. 125000,00.
3. Vátryggjenda annara vara, sem h/f. Trolle & Rothe eru umbodsmenn fyrir £ 93-0-0.
4. Skipshafnar „Inger Benedicte“ verðmæti muna þeirra, fatnaður o. fl. er þeir mistu ásamt launamissi, samtals ísl. kr. 25537,00.
5. H/f. „Alliance“ andvirði tveggja virrúlla £ 82-4-10. Allar upphæðirnar með 6% ársvöxtum frá 29. desember f. á. til greiðsludags og ennfremur málskostnað að skaðlausu eftir reikningi, að upphæð kr. 10163,00.

Loks befir stefnandi krafist þess að viðurkendur verði með dóminum sjóveðrjettur í b/v. „Skallagrími“ með veiðarfærum, farmi og vátryggingarupphæðum skips, veiðarfæra og farms fyrir framan-greindum upphæðum og honum heimilað að gjöra fjárnám í því og tryggingarfje því er sett var við lögaldsgjörðina 4. febrúar þ. á. að svo miklu leyti sem með þarf, selja það á opinberu uppbóði til greiðslu þeim með vöxtum og kostnaði ásamt kostnaði við fjárnám og uppbóð, alt að skaðlausu og að rjettlætt verði lögaldsgjörðin frá 4. febrúar þ. á.

Stefndur Gunnar Egilson hefir krafist þess sjerstaklega að hann fyrir hönd Samtryggingar ísl. botnvörpunga verði sýknaður af kröfum stefnanda í málinu og tildæmdur hæfilegur málskostnaður hjá honnm eftir mati rjettarins, þar sem það sje aðeins úterðarmaður skips, en eigi vátryggjandi þess, sem með vissum skilyrðum ábyrgist slíkt tjón og hjer um ræðir.

Rjetturinn verður þó að vera stefnanda samdóma um það að stefndur Gunnar Egilson fyrir hönd Samtryggingarinnar hafi með allri framkomu sinni í lögaldsmálinu milli stefnanda og útgerðarmanna „Skallagríms“ 4. febrúar þ. á. gert sig sjálfan að varnaraðila ásamt þeim, einnig í þessu máli, þar sem meðal annars er krafist staðfestingar á lögaldsgjörðinni og rjettar til fjárnáms í hinni settu tryggingu, og sje því rjettilega stefnt í því. Verður sýknukrafa hans í málinu því ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Stefndur Ólafur Thors f. h. h/f. „Kveldálfar“ hefir aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum. Til vara hefir hann krafist þess að hann verði aðeins dæmdur til að greiða tiltekinn hluta tjónsins af árekstrinum eftir nákvæmari ákvörðun rjettarins og málskostnaður verði látinn falla niður. Undir öllum kringumstæðum hefir hann krafist þess, að bætur sem kunni að koma til greina, verði takmarkaðar við skipið „Skallagrím“ (þ. e. bankatryggingu þá er sett var) þar sem útgerðarmaður ábyrgist slíkt tjón, sem hjer er um að ræða, einungis með skipi og farmgjaldi, en um hið síðara sje hjer ekki að ræða.

Framangreinda kröfu sína byggir stefndur á því að „Inger Benedicte“ en ekki „Skallagrímur“ hafi verið orsök í ásiglingunni. Hún hafi legið á ytri höfninni beint í inusiglingaleiðinni inn á innri höfnina og valið sjer sjálf þennan hættulega stað. Hinsvegar verði skipshöfninni á „Skallagrími“ ekki kent um þótt hann sigldi á hana á þessum stað, þar sem ljósin á henni hafi borið við ljósin í landi, svo að ekki hafi verið hægt að greina þau. Þar sem áreksturinn þannig hafi eigi orsakast af ásettu ráði, vitaverðu hirðuleysi eða gáleysi skipshafnarinnar á „Skallagrími“, beri útgerð hans enga ábyrgð á tjóninu af honum eftir 13. gr. siglingalaga nr. 56/1914. Auk þessa hafi varðmaðurinn á „Inger Benedicte“ átt að aðvara „Skallagrím“ og loks hefðu skipverjar „Inger Benedicte“ getað dregið úr tjóninu að minsta kosti með því að koma skipinu á grynningar og bjarga þannig farminum í stað þess að fara í bátana og yfirgefa skipið.

Því verður slst neitað að staður sá á ytri höfninni, sem „Inger Benedicte“ lá var mjög óheppilegur og hættulegur skipum á innsiglingu í innri höfnina, eins og kom á daginn, og furðar sjórjettinn á því, að hafnarstjórnin skyldi líða jafnstóru skipi að liggja þar sólarhringum saman í svartasta skammdeginu og ekki

neyta valds síns eftir 12. gr. hafnarreglugjörðarinnar fyrir Reykjavíkur kaupstað nr. 100/1917 til þess að heimta skipið flutt á óhultari stað. Eftir upplýsingum þeim sem liggja fyrir í málinu liggur „Inger Benedicte“ á mararbotni í hægri rönd hvíta ljóssins frá innsiglingarvitanum þegar inn er siglt og tekur yfir 75 metra af rákinni, sem öll mun vera á þessum stað um 269 metra breið. Hinsvegar virðist skipstjóranum á „Inger Benedicte“ ekki verða gefin sök á því, þótt hann legðist þarna og hjeldi áfram að liggja þar, úr því að hafnsögumaður sá, sem út í skipið kom, hafði ekkert við staðinu að athuga og skipstjórinn fjekk enga fyrirskipun um að flytja sig. Í málinu liggur fyrir vottorð frá hafnarstjóra um það, að vegna legu innsiglingarvitans og þess hvernig leguplássi á ytri höfninni sje háttað, sje það óhjákvæmilegt að skip, sem hingað koma og leggjast á ytri höfnina, verði að leggjast og liggi oft á öllum tímum árs lengri eða skemri tíma í hvíta ljósinu frá innsiglingarvitanum og ætti að minsta kosti yfirmönnum á íslenskum fiskiskipum, sem hjeðan eru gerð út, að vera þetta kunnugt, og þau því að viðhafa sjerstaka aðgæslu við innsiglingu hingað á dimmum vetrarnóttum. Þessarar sjerstöku varúðar hefir ekki verið gætt af yfirmönnum af skipshöfninni á „Skallagrími“ við innsiglinguna hingað aðfaranótt 29. desember f. á. og því verður rjetturinn að telja „Skallagrim“ eiga alla sök á ásiglingunni og útgerðarmenn skipsins verða eftir 13. gr. siglingalaganna að bæta tjón það, sem af ásiglingunni blaut. Vökumaðurinn á „Inger Benedicte“ bar það við sjóprófið að „Skallagrimur“ „kom saa fort at han ikke kunde varsko den, der var ikke Tid der til“, og hann verður ekki sakaður um skyldubrot. Rjetturinn verður að vera þeirrar skoðunar að eftir öllum atvikum hafi eigi verið annars að vænta, en skipshöfnin á „Inger Benedicte“ hugsaði fyrst og fremst um það að forða lífi sínu eftir áreksturinn og gjörði eigi tilraunir til að bjarga skipi og farmi, enda mjög tvisýnt og efasamt að það hefði komið að nokkru haldi, þar gufa var ekki á spillinu og ekki nema 65 punda þrýsting á katlinum, en hálf klukkustund hefði liðið áður en fullum þrýstingi (85 pundum) hefði verið náð.

Skulu þá teknir til athugunar hinir einstöku kröfuliðir stefnanda.

Það er viðurkent í málinu að „Inger Benedicte“ var vátrygð hjá norska ábyrgðarfjelaginu »Polaris« fyrir 350 þúsund norskum krónum og vátryggingarfjlagið hefir greitt eiganda

skipsins þessa upphæð og fengið framseldan rjett eiganda á hendur „Skallagrími“.

Stefndir hafa mótmælt því, að vátryggingarupphæðin verði lögð til grundvallar fyrir bótum fyrir skipið, telja hana alt of háa og telja skipið, sem er smíðað 1883 og því yfir 40 ára gamalt, er því var sökt, hæfilega metið 150 þúsund norskar krónur. Þessu til sönnunar hafa stefndir vísað á skýrslu um sölu skipa, yngri og á svipuðum aldri og í líkum vátryggingarflokki, tekna úr dönsku dagblaði er sýna að söluverðið á þeim skipum hefir verið ca. 72½ norsk króna pr. brutto smálest að meðaltali.

Stefnandi hefir staðhæft, að vátryggingarupphæðin væri í samræmi við verðmæti skipsins og bent á að vátryggingarfjölög gæti þess jafnan að vátryggja ekki skip fyrir meira en sannvirði, enda kæri ábyrgðartaki sig ekki um að greiða herra iðgjald en þurfi til þess að hann fái skaða sinn bættan. Hann hefir mótmælt því að nokkuð væri hægt að byggja á skýrslu stefnda um söluverð skipa, bæði af því að skip þau er hún nær til eru flest mun stærri en „Inger Benedicte“ og því ódýrari pr. brutto smálest, og benti á upplýsingar um sölu á skipi í blaði því, sem skýrsla stefnds er tekin eftir, þó mun yngra en „Inger Benedicte“, þar sem verðið er tiltölulega herra en vátryggingarupphæð þess skips. Auk þess telur hann gömlum skipum sem boðin eru til sölu og seld, hafa venjulega verið haldið illa við, en hinsvegar sju gömul skip, er vel hafi verið haldið við, eins og átt hafi sjer stað um „Inger Benedicte“, ekki höfð á boðstólum eða seld.

Í málinu liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um það hvernær vátryggingarupphæðin fyrir „Inger Benedicte“ var ákveðin 350 þúsund norskar krónur, eða um það, hvort sú upphæð er bygd á mati skipsins eða eigi. Samt sem áður verður sjórjetturinn að líta svo á, að vátryggingarupphæðin sje hin eina ábyggilega upplýsing um verðmæti skipsins sem fyrir liggur og meiri hlutinn treystir sjer ekki til þess að slá því föstu að það hafi eigi verið svo mikils virði, þegar tekið er tillit til hins lága gengis norsku krónunnar, sem verið hefir. Einn dómendanna, Guðmundur Kristjánsson, skipamiðlari, telur nægilega upplýst að „Inger Benedicte“ hafi ekki verið meira en 275 þúsund norskra króna virði.

Þá hefir stefnandi f. h. eigenda „Inger Benedicte“ gjört

kröfu til bóta fyrir 500 tómar tunnur er í skipinu voru að upphæð £ 862-10-0 á n. kr. 31,80 pr. £.

Stefndir hafa mótmælt þessum lið sem ofháum um £ 50-0-0 eða n. kr. 1575 og þar sem stefnandi hefir eigi fært nein rök fyrir því, að hann sje rjett talinn, verður að taka til greina kröfu stefnda um niðurfærslu á honum.

Þá hafa stefndir mótmælt eftirfarandi liðum á reikningi umboðsmanns eigenda „Inger Benedicte“ til þeirra sem þeir hafa krafist stefndu dæmda til að endurgjalda sjer:

1. Afgreiðslugjöld og klarering hjer fyrir „Inger Benedicte“ kr. 3072,50 + 250 Isl. kr. kr. 3322,50
2. Upphæð greidda skipstjóra fyrir áreksturinn . . — 1700,00
3. Kjöt keypt 2 dögum fyrir áreksturinn — 29,40
4. Læknishjálp — 141,00
5. Útskrift og þýðing á sjóferðaprófi — 67,00

Samtals Isl. Kr. 5259,90

á norskar kr. 115,00 = norskekar kr. 5522,00

Telja þeir liðina 1.—4. sjer óviðkomandi og 5. liðinn vera málskostnað og teljast til hans.

Stefnandi hefir ekki rökstutt að stefndir eigi að endurgjalda þessar upphæðir, en haldið fast við kröfuna um dóm yfir þeim og lagt á vald sjódomsins að skera úr því, hvort sú krafa verði tekin til greina.

Sjórjetturinn verður að vera þeirrar skoðunar að taka beri til greina kröfu stefnda um frádrátt á þessum n. kr. 5522,00.

Skipagjöld fjella í gjalddaga, er skipið lagðist hjer á höfnina og hafa eigendur skipsins fengið þau greidd með farmgjaldinu fyrir farm þess. Um það, til hvers 1700 krónurnar til skip til skipstjóra hafi gengið, liggja engar upplýsingar fyrir í málinu. Andvirði kjötsins, ef þess hefir ekki verið neytt áður en áreksturinn varð felst væntanlega í liðnum „Stores“ á reikningi skips-eigenda (rjettarskjal nr. 13). Það er ekki upplýst að neinn af skipshöfn „Inger Benedicte“ hafi meiðst eða sýkst við ásiglinguna og kostnaðurinn við útskrift og þýðingu af sjóferðaprófinu verður að teljast til málskostnaðar.

Verður þá að draga n. kr. 1575,00 + n. kr. 5522,00 = n. kr. 7097,00 frá kröfulið stefnanda, verða þá eftir af honum n. kr. 388212,70.

Við 2., 3. og 5. kröfulið stefnanda hafa stefndir ekki haft neitt sjerstakt að athuga, er til greina verði tekið eftir framan-

sögðu. Verður þá að taka þá liði til greina með fullum upphæðum.

4. Kröfuliðnum hefir stefnandi fallið frá undir rekstri málsins, að undanskildum ísl. kr. 1564,83 og hafa stefndir ekkert haft við það að athuga.

Eins og að framan greinir hefir stefnandi krafist þess að viðurkendur verði með dóminum sjer til handa f. h. umbjóðenda sinna sjóveðrjettur í b/v. „Skallagrími“ með veiðarfærum, farmi og í váttryggingarupphæðum skips, veiðarfæra og farms og honum heimilað að gjöra fjárnám í því til tryggingar fje því, sem sett var við löghaldsgjörðina 4. febrúar, og, að svo miklu leyti sem með þarf, selja það á opinberu uppboði til greiðslu á kröfum þeim sem hann hefir gjört í málinu. Hann viðurkennir að eftir siglingalögunum sje ábyrgð útgerðarmanna og sjóveðrjettur fyrir tjóni af ásiglingu takmarkaður við skip og farmgjald, en heldur því fram, að til skipsins verði að teljast alt sem því tilheyrir, einnig veiðarfæri á fiskiskipum, því án þeirra sje fiskiskipið óhæft til notkunar þeirrar, er það sje ætlað til. Þá heldur stefnandi því og fram, að afli á fiskiskipum sje farmur þeirra og verði að koma í stað farmgjaldsins, er um flutningaskip sje að ræða, þar sem útgerðarmaður fiskiskipa sje eigandi aflans, en útgerðarmaður flutningaskipa venjulega ekki eigandi farmsins, heldur eigandi farmgjaldsins. Telur hann þá umbjóðendur sína eiga sjóveðrjett í allri eign eigenda „Skallagríms“, sem í skipinu var er það sigldi á „Inger Benedicte“.

Á þetta verður þó ekki fallist.

Eftir 236. gr. siglingalaganna nær sjóveðrjettur í skipi og til skipsbúnaðar — þó ekki til vistabirgða, elðiviðar, kola eða annara vjelarnauðsynja, — en það orð verður í siglingalöggjöf Norðurlandabjóðanna og þá einnig í siglingalöggjöfinni íslensku, að skiljast svo, að það taki aðeins til þess skipsbúnaðar, sem ákvarðaður og nauðsynlegur er til stöðugrar notkunar á skipinu á siglingu, þ. e. a. s. þegar það er að flytja farþega eða farm, en eigi til áhalda eða hluta, sem á því eru vanir að vera eða eru í öðrum ákveðnum tilgangi, t. a. m. til björgunar, veiða eða hagnýtingar aflans, þótt tilgangurinn með þeim sje framkvæmdur á sjó úti, sbr. Conv. 2. apríl 1850, 38. gr. og dóm hæstarjettar Noregs frá 30. september 1914 (Nord. Domme i Sjøfartsanliggender 1914, bls. 321).

Til þess að beita ákvæðum siglingalaganna um farmgjöld

við afla fiskiskips eða nokkurs hluta andvirðis hans eða matsverðs er heldur ekki heimild og í 238. gr. þeirra er það beint tekið fram að sjóveðrjettur taki ekki til váttryggingarupphæða veðsins. Verður stefnanda því eigi tildæmdur sjóveðrjettur í öðrum eignum h/f. „Kveldúlfs“ en b/v. „Skallagrími“ með venjulegum skipsbúnaði eins og hann var metinn 3. febrúar þ. á. (rjettarskjal nr. 6.) og fjelagið ekki dæmt til þess að greiða hærri skaðabætur en matsverðinu nemur.

Við vaxtakröfu stefnanda hafa stefndir ekki haft neitt sjerlegt að athuga.

Það verða þá úrslit þessa máls hjer í rjettinum að dæma stefndan Ólaf Thors f. h. h/f. „Kveldúlfs“ til þess að greiða stefnanda f. h. umbjóðanda hans eftir 1. kröfulið n. kr. 388212,70, eftir 2. kröfulið ísl. kr. 125100,00, eftir 3. kröfulið £ 593-0-0, eftir 4. kröfulið ísl. kr. 1564,83 og eftir 5. kröfulið £ 82-4-10 alls n. kr. 388212,70, ísl. kr. 126664,83 og £ 175-4-10 — ekki yfir ísl. kr. 425000,00 samtals — með 6% ársvöxtum frá 29. desember f. á. til greiðsludags, viðurkenna sjóveðrjett í b/v. „Skallagrími“ fyrir þessum upphæðum og rjett stefnanda til að gjöra fjárnám í skipinu eða tryggingu þeirri, sem sett var 4. febrúar þ. á. Lögghaldsgjörðin frá sama degi verður ekki staðfest eins og stefnandi krefst, þar sem hún fór aldrei fram, heldur var varnað með því að trygging var sett.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur Ólafur Thors greiði stefnanda 2000 krónur upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 17. mars 1926.

Nr. 48/1925. **Magnús Matthíasson** (Pjetur Magnússon)
gegn

Steingrími Guðmundssyni (Enginn).

Um gildi samnings um gjörðardóm.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 11. apríl 1925:
Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandinn, Magnús Matthíasson, greiði stefndum, Steingrími Guðmundssyni, 75 krónur í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.